

seðlum haldið aðgreindum. Auk þess sendir hún yfirkjörstjórn undir innsigli utankjörfundar- atkvæði sem fara eiga í kjördeild sem tilheyrir yfirkjörstjórn, sbr. 4. mgr. 90. gr., allar kjör- skrár í innsigliðum umbúðum, kjörbækur undirkjörstjórna sem hún hefur mótttekið og einnig gerðabók sína. Yfirkjörstjórn skal fara með þessi gögn á sama hátt og þau sem eru í hennar vörslu.

20. gr.

1. málsl. 3. mgr. 105. gr. laganna orðast svo: Sé atkvæðasending frá einhverri kjördeild ekki komin til yfirkjörstjórnar eða eftir atvikum umdæmiskjörstjórnar á þeim tíma sem nefndur er í 97. gr. skal kjörstjórnin eigi að síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á þeim tíma sem auglýstur hafði verið.

21. gr.

Á eftir orðinu „yfirkjörstjórna“ í b-lið 123. gr. laganna kemur: og umdæmiskjörstjórna.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 24. mars 2003.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 24. mars 2003.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.